

Mál nr. 355/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys við affermingu flutningavagns 8. apríl 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. október 2015.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyssins kemur fram að unnið hafi verið við „að afferma álprófilabúnt af flutningabifreið sem var á vettvangi“. Fram kom að starfsmaður fyrirtækisins Z hafi verið á lyftara og kvaðst hann „ætla að taka tvö búnt af vagninum en hafi óvart farið með gaffla lyftarans undir búnt sem lá samsíða því fyrra með þeim afleiðingum að það féll niður vinstra megin á götuna.“ Umræddur stjórnandi lyftarans var ekki með réttindi til að stjórna lyftara. M er starfsmaður X. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til beitingar gaffla lyftarans, þess að M hafi verið nærri vagni þegar byrði féll af honum auk þess sem stjórnandi lyftarans hafi ekki verið með vinnuvélaréttindi. Einnig gerir Vinnueftirlitið í skýrslu sinni kröfur á fyrirtækið Áglugga og hurðir ehf. um ger skriflegrar áætlunar um heilbrigði og öryggi sem og vinnuvélaréttindi lyftarastjórnenda. Einnig er vísað til skyldur vinnuveitenda til samstarfs þegar fleiri en einn atvinnurekandi hefur sömu starfsstöð.

M telur að X sem vinnuveitandi M hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir á vettvangi til að minnka hættu á tjóni og vísar um það til skýrslu Vinnueftirlitsins um skort á áhættumati og ábendingar um úrbætur. Einnig vísar M til nokkurra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um skyldur atvinnurekenda til að gæta öryggis starfsmanna sinna. M vísar einnig til reglugerðar 367/2006 máli sínu til stuðnings sem og að skýra verðir vinnustað M með víðtækum hætti og skyldur X þar með, með vísan til 41. gr. laga nr. 46/1980.

V vísar til þess að skriflegt áhættumat hafi verið fyrir hendi hjá X enda sé tilmælum einungis beint að Ágluggum og hurðum hvað varðar þann þátt í skýrslu Vinnueftirlitsins. Einnig vísar V til þess að ákvæði laga nr. 46/1980 um samstarf séu almenn og verði ekki séð að X geti borið ábyrgð á aðstæðum þar sem það er starfsmaður Z sem stýrir lyftara og veldur tjóni með þeim hætti sem greint er í lögregluskýrslu. Slysið verði einungis rakið til þess en ekki ábyrgðar X.

Álit.

Í málinu er nokkuð ljóst að M verður fyrir tjóni vegna þess að byrði á flutningavagni, sem hann stendur við, féll af vagninum sökum háttsemi stjórnanda lyftarans. Umræddur stjórnandi var ekki starfsmaður X í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og telst X því ekki bera skaðabótaábyrgð vegna háttsemi hans. Verður heldur ekki talið sannað X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 eða reglugerðum þeim tengdum. Fyrirmæli í skýrslu Vinnueftirlitsins beindust með beinum hætti að öðru fyrirtæki en X og verða skyldur X ekki túlkaðar með það víðtækum hætti að X teljist hafa brotið gegn skráðum eða óskráðum háttennisreglum.

Niðurstaða.

M ekki á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.